**250. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 28. desember 2006.**
Rektor setti fund kl. 9:00.
Mættir voru auk hans:

Guðbrandur Sigurðsson fulltrúi menntamálaráðherra, símleiðis til kl. 10:45
Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda
Ingi Rúnar Eðvarðsson fulltrúi kennara
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara

Fjarverandi:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála sat fund til kl. 10:20

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Fundargerð 249. fundar**
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

**2. Tillaga að rekstraráætlun 2007**
Lögð var fram rekstraráætlun 2007 sem unnin var og hefur verið samþykkt í framkvæmdastjórn. Rektor greindi frá því að áætlunin hefði verið kynnt fyrir menntamálaráðuneyti. Hann gaf Ólafi og Úlfari orðið og gerðu þeir grein fyrir áætluninni. Miðað er við óbreytt námsframboð og gert ráð fyrir tæplega 1,6 mkr. tekjuafgangi. Áætlunin skal endurskoðuð um mitt ár út frá fjölda umsókna í skólann og fyrirsjáanlegum fjölda nemenda í einstök námskeið. Háskólaráð mælist til þess að endurskoðun á rannsóknaleyfum fari jafnframt fram um mitt ár.
Háskólaráð samþykkti rekstraráætlunina.

**3. Umsókn um viðurkenningu á fræðasviðum háskólans**
Rektor gerði grein fyrir vinnu vegna umsókna um viðurkenningar á fræðasviðum háskólans. Háskólaráð samþykkti að sótt verði um á sviðum heilbrigðisvísinda, félagsvísinda og auðlinda- og búvísinda. Stefnt verður að því að sækja um á fleiri fræðasviðum í framtíðinni og er þá sérstaklega verið að horfa til nátttúruvísinda.

**4. Nám í almennri þjóðfélagsfræði**
Fyrir fundinum lá tillaga frá félagsvísinda- og lagadeild um nýja námsbraut í Almennri þjóðfélagsfræði. Stofnun námsbrautarinnar hefur ekki beinan kostnað í för með sér þar sem verið er að nýta námskeið sem fyrir eru.
Háskólaráð samþykkti tillöguna.

**5. Fundir á vormisseri**
Fundir á vormisseri eru áætlaðir 26. janúar, 23. febrúar, 30. mars, 27. apríl, 25. maí og 19. júní. Fundurinn 26. janúar verður kl. 12:00–15:00, aðrir fundir kl. 9:00–11:30.

**6. Önnur mál**
Engin mál tekin fyrir.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:00